

Aðalfundur Félags sumarbústaðaeigenda í landi Indriðastaða, 2022

Aðalfundur félags sumahúsaeigenda á Indriðastöðum var haldinn 5.maí 2022 í sal Karlakórsins Þrasta við Flatahraun í Hafnarfirði.

Karl Ómar, formaður stjórnar félagsins, bauð fundargesti velkomna. Gerði hann að tillögu sinni að Örn H. Magnússon yrði gerður að fundarstjóra. Tillagan var samþykkt einróma.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins.

Fundarritari kosin Bjarni Ásgeirsson

Dagskrá; Venjuleg aðalfundarstörf.

1. skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins og umræður um hana

- Karl Ómar flutti skýrslu stjórnar. (fá skýrsluna frá Karli og bæta inni)
- Engar spurningar eða athugasendur bárust úr sal.
- Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða.

2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar og umræður um þá

- Áslaug gjaldkeri fór yfir ársreikning félagsins
Útskýrði hvað það er sem heyrir undir félagið, hlið, viðhald vega og fl.
Fór í gegnum hvaðan tekjurnar koma, frá greiddum félagsgjöldum og hliðgjöldum.
Kostnaður við snjómokstur á árinu 2021 var óvenju lítill. Farið var í umtalsverðar vegabætur og féll kostnaður til vegna þess.
Ekkert hlið keypt var keypt árið 2021, en nýtt hlið kemur á ársreikning 2022.
Góðar heimtur hafa verið á félagsgjöldum, aðeins eitt gjald ógreitt.
Fjárhagsstaða félagsins er góð.
- Tómas Indriðastaðahlíð 166 spyr um hvers vegna eign hliðsjóðs sé svo mikill. Áslaug útskýrir að reynt sé að eiga í sjóði pening til að fjárfesta í einu hlið ef nauðsyn krefur.
- Ársreikningur samþykktur samhljóða.

3. kosning formanns,

- Karl Ómar býður sig fram til áframhaldandi setu sem formaður.
Kosinn formaður samhljóða.

4. kosning annarra stjórnarmanna

- Áslaug og Bjarni Ingi víkja úr stjórn en Þórhildur situr áfram.
Karl Ómar stingur upp á núverandi varamanni, Bjarna Ásgeirssyni Skálalækjarás 4.
Áslaug tilnefni Gunnar Frey Hafsteinsson, Indriðastaðahlíð 173
Samþykkt samhljóða

5. kosning varamanna,

- Karl Ómar stingur upp á Presti, Lambási 10
Tómas Arnarson Indriðastaðahlíð 166 býður sig fram
Samþykkt samhljóða.

6. kosning skoðunarmanna reikninga og varamanna þeirra,

Ernst Torben Hemmingsen, Lambási 2
Örn H. Magnússon, Stráksmýri 3 býður sig fram
Áslaug, Indriðastaðahlíð 116 býður sig fram til vara
Samþykkt samhljóða

7. framlagning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir næsta ár,

- Áslaug gjaldkeri leggur áætlunina fram fyrir hönd stjórnar.
Leggur til lækkun á félagsgjöldum úr 14.000 í 8.000.
Gerir ráð fyrir kostnaði vegna sumarhátíðar og að snjómokstur ársins verði í hærra lagi vegna mikilla snjóa í febrúar og mars 2022.
Gert ráð fyrir að sameiginlegt leiksvæði verði endurnýjað, þökulagt, keypt leiktæki og fl. Sjóðurinn stendur óvenju vel, leggur til að gengið verði á sjóðinn. Það eigi ekki að stefna að því að safna peningum á bankabók.
Leggur til að félagsgjöld verði 8000kr. og hliðsjóður 6000 kr.
- Tómas Indriðastaðahlíð 166 spyr hvers vegna lækkun sé svona skörp.
- Björn Indriðastaðahlíð 164 spyr um 1250þús vegna vega og stíga, í hvað þetta eigi að fara nákvæmlega. Svar: Ekki búið að skilgreina nákvæmlega verkefni.
- Guðmundur Hríasí 21, leggur til að ekki verði útbúin göngubrú á milli Hríasás og Indriðastaðahlíðar heldur verði sú leið gerð ökuhæf til að hægt sé að nota sem flóttaleið í neyð.
- Björn bendir á brekku í Indriðastaðahlíðinni sem rennur úr. Leggur til að vegir séu heflaðir.
- Stjórn beðin um að koma ábendingu til Tryggva um að passa að hreinsa ekki ofan af vegum þegar hann moka snjó.
- Tómas segir að núverandi hlið séu ekki nægjanlega góð, henti ekki fyrir íslenskt veður. Væri hentugra að hafa staura sem koma upp úr jörðinni.
Örn segir að þessi hlið hafa verið valin þar sem þau voru talin þau bestu á þeim tíma.
Hermann segir hlið nr. 3 hafa enst vel.
Björn segir hliðið fyrir Indriðastaðahlíðina ekki nægjanlega sterkt.
Guðmundur Hríasí 21 bendir fólki á að nota tækifærið og skoða hliðin þegar ekið er í gegn. Kanna hvort eitthvað sé sýnilega að hliðunum og tilkynna ef svo sé.
- Ívar Skálalækjarás 12, ræðir um gróður á svæðinu. Nauðsynlegt að skoða að hreinsa vel frá vegum. Gróður víða kominn nærri eða jafnvel inn á vegi. Möguleiki að fá einhvern til að fara í átak?
- Rekstraráætlun borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða

8. ákvörðun um árgjald til félagsins,

- Stjórn leggur til að félagsgjöld verði 8000kr. og hliðsjóður 6000 kr.
- Samþykkt samhljóða

9. mál sem tiltekin eru í fundarboði

- Endurskoðun á samþykktum félagsins. Örn hefur leitt starf við endurskoðun samþykktanna. Samkvæmt gildandi lögum skulu samþykktir endurskoðaðar reglulega.

- Ernst, Lambási 2 gerir athugasemd varðandi Lambás 2a og 2b. Segir lóðir hafa verið sameinaðar. **þarf að skoða betur.**
- Spurt um fjölda leigulóða. Þessar upplýsingar liggja ekki fyrir. Það eru handhafar lóða eru meðlimir í félaginu. Ekki gerður greinarmunur á hvort lóðir séu leigu eða eignarlóðir.
- Örn ber nýjar samþykktir fyrir félagið undir fundinn til samþykktar. Samþykktar samhljóða.

10. önnur mál.

- Guðmundur Ottóson Indriðastaðir 40, spyr hvar sé hægt að fá að farga garðaúrgangi. Karl Ómar segist hafa rætt málið við oddvita. Hreppurinn hefur engin ráð. Oddviti segir garðaúrgang ekki vera mál hreppsins. Hugmynd um að grafa holu til að nýta til urðunar. Þorsteinn Indriðastöðum 16 segir gamla námu vera við heimreið að Indriðastöðum. Spurning hvort möguleiki væri að fá að nýta hana? Ábending kemur um að það sé nú þegar verið að keyra jarðveg í hana, mold og þess háttar. Ólíklegt að landeigendur samþykki þetta.
- Anna Skálalækjarás 11 ræðir um skort á götumerkingum. Karl Ómar segir tillöguna góða og að stefnt sé að úrbótum. Hermann bendir á hvort ekki væri snjallt að merkja hlið með númerum. Einfaldara fyrir gesti að ramba á rétt hlið.
- Þröstur Lambás 10 ræðir fasteignagjöld og rotþróargjald. Segist fá reikning fyrir rotþróargjald fyrir óbyggja lóð. Hefur sent hreppnum athugasemd.
- Tómas Indriðastaðahlíð 166 ræðir um gámasvæðið við Mófellsstaði, það sér ósnyrtilegt. Hefur rætt við sveitarstjóra um málið. Örn tekur undir og beinir tilmælum til stjórnar að taka málið upp við stjórn hreppsins.
- Tómas spyr um svört rör sem hann hafi séð liggja ofanjarðar, hvort þau séu nokkur í notkun. Svarið er að svo sé ekki.
- Jón ingi skógarás 11. Segist hafa verið rukkaður um gjald fyrir of stóra rotþró. Karl Ómar bendir á að hægt sé að fylgjast með hvenær rotþrær hafi verið tæmdar.
- Björn spyr um heimasíðu, er einhver vinna í gangi við hana? Svarið er nei, aðeins grunnupplýsingar þar inni. Allar tillögur að úrbótum eru vel þegar.
- Örn ræðir umgengnisreglur, skerpt verði á reglum og þær teknar fyrir á næsta aðalfundi.
- Örn ræðir um sumarhátíð, er orðinn þreyttur á að vinna hafi lent of mikið á fáum.
- Hermann, spyr um flóttaleiðir. Hver ber ábyrgð? Áslaug leggur til að sett verði á fót nefnd til að gera úttekt á brunavörnum og flóttaleiðum. Guðmundar við Hríás 21 er slökkviliðsmaður og er beðinn um að leiða starfið. Þröstur Lambás 10, Sindri Skálalækjarás 2, Hermann Indriðastaðir 32 og Kristín Indriðastaðahlíð bjóða sig fram í nefndina.

Ekki fleira á dagskrá fundarins og fundi slitið.

Hafnarfirði 5.maí 2022

Bjarni Ásgeirsson fundarritari